

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 8. nóvember 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Bolli Pór Bollason.*

Nr. 117

13. nóvember 2004

## LÖG

### um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verkfall Kennarasambands Íslands fyrir hönd Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands og félagsmanna þeirra gagnvart launaneftnd sveitarfélaga fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem veitt hafa launaneftndinni umboð til kjarasamningsgerðar við nefnda aðila, svo og verkföll, verkbönn og aðrar aðgerðir sem er ætlað að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil frá gildistöku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms skv. 2. gr., ef til hans kemur. Þó er aðilum heimilt að semja um breytingar en eigi má knýja þær fram með vinnustöðvun.

2. gr.

Hafi aðilar skv. 1. gr. ekki undirritað kjarasamning fyrir 20. nóvember 2004 skal Hæstiréttur Íslands tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skal fyrir 28. febrúar 2005 ákveða kaup og kjör félagsmanna Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands hjá þeim sveitarfélögum sem veitt hafa launaneftndinni umboð til kjarasamningsgerðar við félögin. Ákvarðanir gerðardómsins skulu vera bindandi sem kjarasamningur á milli aðila frá og með gildistöku laga þessara og gilda þann tíma sem gerðardómurinn ákveður. Endanlegt uppgjör launa skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að niðurstaða gerðardóms liggar fyrir.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins og kollar hann dóminn saman.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og getur krafist skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim aðilum sem gerðardómurinn telur nauðsynlegt. Aðilar skulu eiga rétt á að gera gerðardómnum grein fyrir sjónarmiðum sínum. Skal gerðardómurinn ætla þeim hæfilegan tíma í því skyni.

Gerðardómnum skal séð fyrir viðunandi starfsaðstöðu. Gerðardómurinn getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og til ráðuneytis um úrlausn mála.

Kostnaður af starfi gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði.